

Borgarráð

### ***Tilraunarverkefni - TUFF Breiðholt***

Lagt er til að borgarráð samþykki að Reykjavíkurborg hefji samstarf við alþjóðlegu góðgerðasamtökin TUFF (The Unity of Faiths Foundation) um tilraunarverkefni til að auka þátttöku barna og unglunga (7–15 ára) í íþrótt- og tómstundastarfi í Breiðholti með sérstakri áherslu á börn af erlendum uppruna. Verkefnið gengur út á það að nota tómstundir og íþróttir markvisst til þess að styrkja sjálfsmynd og sjálfsöryggi barna og ungmenna, kynna viðurkennd gildi íslensks samfélags og grunnréttindi þeirra og skyldur, þar á meðal Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Kostnaður vegna verkefnisins er 5 mkr. og er hverfisstjóra Breiðholts falið að halda utan um verkefnið fyrir hönd Reykjavíkurborgar og verður verk-, tíma- og kostnaðaráætlun lögð fyrir borgarráð.

Greinargerð:

TUFF hefur skipulagt slík verkefni víðsvegar í London frá 2013, í samstarfi við breska innanríkisráðuneytið og vinnur einnig með borgarstjóranum í London. Einnig eru rekin sambærileg verkefni í Brussel og Ástralíu.

Tilraunarverkefnið verður rekið á vegum Reykjavíkurborgar en lykilaðilar verkefnisins eru: þjónustumiðstöðin Breiðholt, sem mun jafnframt stýra verkefninu f.h. Reykjavíkurborgar, grunnskólar, tómstundamiðstöðvar, íþróttafélög, Lögreglustjórinn í Reykjavík, mannréttindaskrifstofa, ÍTR og ÍBR. Auk þess hafa KSÍ, ÍSÍ, breska sendiráðið og ríkislögreglustjóri þegar lýst stuðningi við verkefnið. Allir lykilaðilar mynda verkefnahóp sem mun hittast reglulega og meta gang verkefnisins.

Í Breiðholti búa mörg börn af erlendum uppruna og um 40% þeirra taka ekki þátt í tómstunda- og íþróttastarfi af neinum toga. Lögð er þó áhersla á að verkefnið standi öllum börnum í Breiðholti til boða, af erlendum og íslenskum uppruna. Fræðsla og þjálfun TUFF mun standa öllum börnum í Breiðholti til boða sem taka þátt í frístundastarfi af einhverjum toga. Verklegra þjálfun mun standa þeim til boða sem taka þátt í tómstundum sem flokkast undir hreyfingu, þ.e. dans og íþróttir. Breiðholtið varð fyrir valinu sem vettvangur tilraunarverkefnisins m.a. vegna þess að nýting frístundakortsins hefur verið minni þar en í öðrum hverfum Reykjavíkurborgar. Lögð verður áhersla á að tilraunarverkefnið samræmist og styðji við önnur verkefni Reykjavíkurborgar sem fyrir eru í Breiðholti. Má þar nefna forvarnarverkefnið Heilsueflandi Breiðholt, geðheilbrigðisátak o.fl. Einnig verður skoðað hvernig verkefnið getur stutt við HÖFÐA Friðarsetur Reykjavíkurborgar.

Tilraunaverkefnið stendur yfir í 3 mánuðir en markmiðið er að verkefnið verði sjálfbært til framtíðar. Fulltrúi frá TUFF (Dr Shamender Talwar) verður á staðnum í 6 vikur til þess stýra verkefninu, veita ráðgjöf og leiðbeina þjálfurum og þátttakendum. TUFF mun svo fylgja verkefninu eftir og heimsækja 2-3 sinnum á næstu 2 mánuðum þar á eftir. Mikilvægur undirbúningsþáttur verkefnisins er að það verði vel kynnt fyrir foreldrum og börnum og verður sérstök áhersla lögð á að ná til foreldra. Kynningarefni verður komið á framfæri á nokkrum tungumálum og kynningar verða skipulagðar í samstarfi við íþróttafélög, skóla og hverfismiðstöð, bæði fyrir foreldra og börn. Þátttaka jákvæðra fyrirmýnda af íslenskum og erlendum uppruna verða mikilvægur hluti af verkefninu.

Tilraunaverkefninu TUFF Breiðholt verður formlega ýtt úr vör í byrjun janúar. Verkefnahópur mun meta tilraunaverkefnið með reglubundnum hætti. Að þremur mánuðum liðnum munu Reykjavíkurborg, TUFF og lykilaðilar tilraunaverkefnisins meta árangur þess. Með hliðsjón af því munu samstarfsaðilar, Reykjavíkurborg and TUFF, ákveða næstu skref, þ.á.m. hvort og hvar verkefnið verður útfært annars staðar í Reykjavík. Markmiðið er að reynslan af tilraunaverkefninu TUFF Breiðholt verði nýtt til þess að útfæra víðar í Reykjavík og tengt við TUFF verkefni í London og annars staðar.

Dagur B. Eggertsson